

Tillaga til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar Hulduheima. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 4. desember til 9. desember.

Tillaga 1:

13 mínútna stytting verður innleidd og kaffitímar haldast óbreyttir.

Útfærsla styttingar:

Vinnutímastyttingunni er safnað upp, 13 mín á dag eða 65 mín á viku m.v. 100% starfshlutfall og hún tekin út á 4 vikna fresti, samtals 4 klst og 20 mín. Styttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall. Úttakan verður rúllandi frá mánudögum til fimmtudaga, skipulögð og birt nokkra mánuði framm í tímann.

Útfærsla á neysluhléum:

Neysluhlé verða með óbreyttum hætti.

Tillaga 2:

13 mínútna stytting verður innleidd og kaffitímar seldir. Styttingu safnað öllu jafna upp í heilan frídag, tekin út á 10 daga fresti fyrir stm í fullu starfi.

Útfærsla styttingar:

Vinnutímastyttingunni er safnað upp, 48 mínútur á dag (*13 mín v.vinnut.styttingar + 35 mín v.kaffitíma*), 4 klst á viku m.v. 100% starfshlutfall. Styttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall. Úttakan verður aðra hvora viku, rúllandi frá mánudögum til fimmtudaga, skipulögð og birt nokkra mánuði framm í tímann.

Útfærsla á neysluhléum:

Kaffitímar verða felldir niður og tekin upp neysluhlé.

Tillaga 3:

13 mínútna stytting verður innleidd og kaffitímar seldir. Stytting tekin út vikulega, aðra vikuna fyrir hádegi og hina eftir hádegi. Hálfur dagur á viku fyrir starfsmenn í fullu starfi.

Útfærsla styttingar:

Vinnutímastyttingunni er safnað upp, 48 mínútur á dag (13 mín v.vinnut.styttingar + 35 mín v.kaffitíma), 4 klst á viku m.v. 100% starfshlutfall. Styttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall. Úttakan verðu vikulega, aðra vikuna fyrir hádegi og hina vikuna eftir hádegi. Úttakan verður rúllandi frá mánudögum til fimmtudaga, skipulögð og birt nokkra mánuði framm í tímann.

Útfærsla á neyslhléum:

Kaffitímar verða felldir niður og tekin upp neyslhlé.

Veikindi og orlof:


Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda

Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 55%



OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málsheiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg Málsmúmer: [2012144](#)